

Miðvikudaginn 25. apríl 1951.

Nr. 91/1949. **Hinrik Ragnarsson** (Gústaf A. Sveinsson)  
 gegn  
**Sigurði L. Ólafssyni** (Enginn).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson  
 og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.  
 Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans  
 Hallvarðssonar.

Ómerking vegna vanreifunar.

### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. maí 1949, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. Hinn 10. október s. á. var honum veitt nóvaleyfi. Gerir hann þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, að fellt verði úr gildi fjárnám það, sem stefndi lét framkvæma í húseign hans, nr. 9 við Skipasund, Reykjavík, hinn 1. apríl 1949, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti hinn 31. október 1949. Sigurður E. Ólason hrl. sótti þá og nokkrum sinnum síðar þing af hendi stefnda, en er málið var tekið til meðferðar hinn 28. febrúar 1950, var ekki sótt þing af stefnda né umboðsmanni hans. Hefur málið því verið flutt skriflega, sbr. 38. gr. laga nr. 112/1935.

Mál þetta var þingfest í héraði 24. júní 1947. Umboðsmaður stefnanda í héraði lagði fram stefnu, þar sem stefndi var krafinn skuldar, að fjárhæð kr. 4000.00 ásamt vöxtum, og segir í stefnunni: „Skuld þessi er vegna ógreiddra vinnulauna. Um málavexti vísast til greinargerðar.“

Af hendi stefnda í héraði var sótt þing við þingfestingu svo og hinn 9. sept. s. á., og fékk stefnandi í bæði skiptin frest til að rita greinargerð. Hinn 16. og 30. s. m. svo og 14. október fékk stefnandi framhaldsfrest, en þing var ekki sótt af hendi stefnda né síðar. Hinn 28. október s. á. lagði umboðsmaður stefnanda fram svonefnda greinargerð. Segir þar einungis, að skuld sú, sem krafín er, sé eftirstöðvar af vinnulaunum

vegna byggingar hússins nr. 9 við Skipasund, Reykjavík, og hafi stefndi reynzt ófáanlegur til að greiða hana. Lögð var þá og fram yfirlýsing stefnanda sjálfs, þar sem hann gerði að nokkru aðra grein fyrir kröfu sinni, en þó mjög óljósa. Frestur var enn veittur til 11. nóv. s. á., og var málið þá lagt í dóm með tilvísun til hinnar svonefndu greinargerðar, án þess að nokkur viðleitni væri sýnd til að afla gagna, er krafan væri byggð á. Þessi málalíbúnaður umboðsmanns stefnanda var brýnt brot á ákvæðum 105. gr. laga nr. 85/1936 og hefði dómari átt að krefjast skilríkja um kröfuna, áður en hann lagði dóm á málið, sbr. 116. gr. sömu laga. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá þingfestingu sakarinnar í héraði. Svo ber og að ómerkja fjárnámsgerð þá, sem framkvæmd var hinn 1. apríl 1949 í húsinu nr. 9 við Skipasund, Reykjavík, til tryggingar dóminum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 800.00.

### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá þingfestingu sakar í héraði eiga að vera ómerk. Fjárnám það, sem gert var hinn 1. apríl 1949 í húsinu nr. 9 við Skipasund, Reykjavík, til tryggingar hinum ómerkta dómi, er fellt úr gildi.

Stefndi, Sigurður L. Ólafsson, greiði áfrýjanda, Hinriki Ragnarssyni, kr. 800.00 málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. nóv. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Sigurður L. Ólafsson trésmíðameistari, Lauganeshverfi 31 hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. júní s.l., gegn Hinrik Ragnarssyni, Skipasundi 9 hér í bænum, til greiðslu vinnulauna, að fjárhæð kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfum stefnanda, sem verða því teknar til greina að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 600.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

## Dómsorð:

Stefndi, Hinrik Ragnarsson, greiði stefnanda, Sigurði L. Ólafssyni, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1947 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Fjárnám fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1949.**

Fyrir gerðarbeiðanda er mættur Brandur Brynjólfsson hdl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt rskj. nr. 2, að upphæð kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1947 til greiðsludags, kr. 600.00 í málskostnað auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki mættur, en af hans hálfu mætir kona hans, Jóna Árnadóttir, og kveðst ekki geta greitt.

Fógeti skoraði þá á hana að vísa á eignir, er gerðarþoli ætti og gera mætti fjárnám í, og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá.

Mætt vísaði á húseignina nr. 9 við Skipasund.

Fógeti lýsti fjárnámi í nefndri húseign til tryggingar framangreindri skuld auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættu að skýra fyrir gerðarþola frá fjárnáminu og því einnig, að honum væri óheimilt að ráðstafa hinni fjárnumdu eign þannig, að í bág bryti við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Föstudaginn 27. apríl 1951.

Nr. 85/1950. **Hreppsnefnd Hvollhrepps** (Sveinbjörn Jónsson)  
gegn

**Páli Nikulássyni og gagnsök**  
(Ragnar Ólafsson).

Setudómarar hrl. Lárus Jóhannesson  
og próf. Ólafur Lárusson í stað hrd.  
Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónat-  
ans Hallvarðssonar.

Ákvæði fjallskilareglugerðar um leitir skýrð.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. júní 1950. Gerir hann þessar dómkröfur: *Aðallega*,